

Fundargerð

227. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 14. desember 2022 í gegn um Teams

Mættir

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Málfríður Stefanía Þórðardóttir
Stefán Haukur Grímsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Jóhannes Haukur Hauksson
Oddgeir Sigurjónsson
Þórey Agnarsdóttir

Dagskrá:

1. Númerslausir bílar.
2. Svifryk á Akureyri
3. Umgengni utan húss
4. Samstarfssamningur
5. Umsagnir:
6. Umsóknir um starfsleyfi
7. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
8. Staðfestar skráningar skráningarskylds atvinnureksturs
9. Önnur mál

1. Númerslausir bílar.

Leifur Þorkelsson kynnti verklag HNE varðandi númerlausa bíla á starfssvæði HNE

Rætt var um mismunandi verklag á svæðum í eigu sveitarfélaga og á lóðum fjölbýlishúsa og fyrirtækja. Fram komu vangaveltur um hvort ástæða sé fyrir einhver sveitarfélög að koma sér upp skipulögðum geymslsvæðum fyrir númerlausa bíla og aðra lausamuni. Einnig var því velt upp hvort ástæða sé til þess að fjöldi bílastæða við hvert íbúðarhús verði takmarkaður í skipulagskilmálum.

2. Svifryk á Akureyri

Að undanfögnu hefur svifryk alloft mælt yfir heilsuverndarmörkum á Akureyri. Í nýliðnum nóvember fór sólarhringsmeðaltal svifryks sex sinnum yfir heilsuverndarmörk ($50 \mu\text{g}/\text{m}^3$) og mælingar sýna að 14 daga í mánuðinum mældist svifryk yfir $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ einhvern tíma dagsins.

Rut Jónsdóttir forstöðumaður umhverfis- og sorpmála hjá Akureyrarbæ var gestur fundarins undir þessum lið. Hún kynnti verklagsreglur sveitarfélagsins vegna svifryksmengunar og sagði frá því að unnið er uppsetningu 6 svifryksmæla til viðbótar við þann sem fyrir er. Einnig kom fram í máli Rutar að niðurstöður úr sýnum sem tekin voru fyrir tveimur árum í þeim tilgangi að greina uppruna svifryks liggja enn ekki fyrir.

Heilbrigðisnefnd þakkar Rut kynninguna. Nefndin bendir á að ástandið í haust hefur verið óviðunandi og kallar eftir því hvort og þá hvaða aðgerða sveitarfélagið ætlar að grípa, til þess að ráðast að rótum vandans. Að mati nefndarinnar fæst gleggri mynd af ástandinu með fjölgun mæla, en sú fjölgun ein og sér leysir ekki þann vanda sem um ræðir. Brýnt er að mati nefndarinnar að ljúka vinnu við greiningu á uppruna svifryks og að í því skyni verði tekin ný sýni og send til rannsóknar, til að fá sem réttasta mynd af ástandinu og orsökum þess.

3. Umgengni utan húss

Að undanfögnu hefur nokkuð borið á kvörtunum varðandi umgengni á og við íbúðarlóðir á starfssvæði HNE. Svo virðist sem íbúar einstaka húsa noti lóðir þeirra sem geymslu fyrir bíla með og án skráningarmerkja, og fleiri lausamuni.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli því að samkvæmt 1. gr. samþykktar um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra ber eigendum eða umráðamönnum að halda eignum sínum vel við og halda lóðum og lendun snyrtilegum. Í 3. gr. samþykktarinnar segir að tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skuli geyma þannig að nágrannar og vegfarendur verði ekki fyrir óþægindum. Þá segir að bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skuli geymd á þar til gerðum stæðum.

Heilbrigðisnefnd hvetur eigendur og umráðamenn lóða á svæðinu til þess að kynna sér samþykktina og fara eftir henni. Að mati nefndarinnar kemur til greina að láta hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda í samræmi við heimild í 6. mgr. 17. gr. Reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs í þeim tilfellum þar sem eigendur lóða verða ekki við tilmælum heilbrigðiseftirlitsins um upphreinsun.

4. Samstarfssamningur

Stefnt var að því að tillaga að uppfærðum samstarfssamningi yrði samþykkt á aukabíngi SSNE þann 2. desember sl. en þau áform gegnu ekki eftir. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að gildandi samstarfssamningur verði uppfærður við fyrsta tækifæri. Í uppfærðum samningi er mikilvægt að sett verði inn ákvæði um að heilbrigðisnefnd feli framkvæmdarstjóra HNE og tilteknum heilbrigðisfulltrúum heimild til fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála í samræmi við heimild í 48. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Þar til slíkt framsal hefur verið staðfest í samstarfssamningi felur heilbrigðisnefnd framkvæmdastjóra og öðrum heilbrigðisfulltrúum fullnaðarafgreiðslu eftirtalinna mála fyrir hönd nefndarinnar:

1. Framkvæmdastjóra, deildar- og sviðsstjórum er heimilt að gefa út eftirfarandi leyfi fyrir hönd heilbrigðisnefndar, þar sem skilyrðum laga og reglna er fullnægt:
 - a) Starfsleyfi í samræmi við 6. og 7. gr. Laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.
 - b) Starfsleyfi í samræmi við 9. gr. Laga nr. 93/1995 um matvæli.
 - c) Tóbakssöluleyfi skv. lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
2. Framkvæmdastjóra, deildar- og sviðsstjórum er heimilt að samþykkja skráningu atvinnurekstrar sem fellur undir reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur í þeim tilfellum þar sem skilyrðum laga og reglna er fullnægt.
3. Framkvæmdastjóra er falið að svara erindum og bréfum f.h. nefndarinnar.

4. Framkvæmdastjóri og aðrir heilbrigðisfulltrúar sjá um að gefa umsagnir um rekstrarleyfi fyrir veitinga og gistaðstöð samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gistaðstöðum og skemmtanahald.
5. Framkvæmdastjóri, deildar og sviðsstjórnir sjá um að vinna umsagnir um teikningar og skipulagstillögur frá sveitarstjórnnum sem og samþykktir sveitarfélaga skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Samþykkt samhljóða

5. Umsagnir:

1. Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldistöðvar Rifóss á Röndinni Kópaskeri.
2. Umsögn HNE til Skipulagsstofnunar vegna aukningar á framleiðslu fiskeldis Haukamýrar á Húsavík í allt að 850 tonna hámarks lífmassa.
3. Umsögn vegna skipulags- og matslýsingar á nýju deiliskipulagi fyrir Akursel í Norðurþingi.
4. Umsögn vegna skipulagslýsingar vegna deiliskipulags skólasvæðis á Húsavík.

6. Umsóknir um starfsleyfi

1. Landsnet hf., kt. 5808042-410, Laxárstöð, 660 Mývatn, spennistöð fyrir 66 kV aflspenni
Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt
2. Wok On ehf., kt. 480518-1440, Tryggvabraut 8, 600 Akureyri, veitingabás í verslun krónunnar **Samþykkt til 12 ára**
3. SKI Capital ehf. kt. 610722-1480, Tryggvabraut 24, 600 Akureyri, útleiga á íbúð **Samþykkt til 12 ára**
4. Paintair ehf., kt. 601022-1330, Geirþrudarhagi 6a (102), 600 Akureyri, útleiga á íbúð **Samþykkt til 12 ára**
5. Pólar Hestar ehf., kt. 550502-5850, Grýtubakki II, 616 Grenivík, gistingu með morgunmat og kvöldmat **Samþykkt til 12 ára**
6. Þórustaðir ehf., kt. 460516-1290, Þórustaðir 7, 605 Akureyri, framleiðsla og sala á Kartöflum **Samþykkt til 12 ára**
7. Ghost Kitchen ehf., kt. 640821-1830, Hafnarstræti 99, 600, Akureyri, móttökueldhús hjá Heilsugæslunni **Samþykkt til 12 ára**
8. Ghost Kitchen ehf., kt. 640821-1830, Norðurorka Rangárvöllum, 603 Akureyri, móttökueldhús **Samþykkt til 12 ára**
9. Ghost Kitchen ehf., kt. 640821-1830, Hringteigi, 2 600 Akureyri, móttökueldhús í Verkmenntaskólanum á Akureyri **Samþykkt til 12 ára**
10. Nordurlandia paradis ehf., kt. 660922-1130, Túngata 12, 600 Akureyri, Kaffihús með leiktækjum. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
11. Vesturkantur ehf., kt. 541008-0630, Hálönd, 603 Akureyri, gisting í 7 sumarústöðum **Samþykkt til 12 ára**
12. Vesturkantur ehf., kt. 541008-0630, Strandgata 29, 600 Akureyri, gisting í 16 íbúðum **Samþykkt til 12 ára**
13. Háskólinn a Akureyri, kt. 520687-1229 Norðurslóð 2, 600 Akureyri, framreiðslueldhús fyrir starfsmenn og nemendur **Samþykkt til 12 ára**
14. Hörgárbraut ehf., kt. 421111-1110 við Hörgárbraut 600 Akureyri, söluskáli/matstölustaður. **Samþykkt til 12 ára**
15. Natten ehf., kt. 530199-2319 við Hörgárbraut, 600 Akureyri, söluskáli/matsölustaður **Samþykkt til 12 ára**

16. HHSS ehf., kt. 700522-0160, Tryggvabraut 24 (205), 600 Akureyri., útleiga á íbúð. **Samþykkt til 12 ára**
17. Menton ehf., kt. 620708-0380, Tryggvabraut 24 (302), 600 Akureyri, útleiga á íbúð **Samþykkt til 12 ára**
18. D&G eignir ehf., kt.630321-1310, Tryggvabraut 24 (207), 600 Akureyri, útleiga á íbúð **Samþykkt til 12 ára**
19. Aeon ehf., kt. 430505-1140, Tryggvabraut 24 (303), 600 Akureyri, útleiga á íbúð **Samþykkt til 12 ára**
20. Vínland hið góða ehf. kt. 690513-0640, Geislagata 10 (201), útleiga á íbúð. **Samþykkt til 12 ára**

7. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

Tímabundin leyfi vegna brenna og flugeldasýninga

Flugeldasýningar

28. desember

1. Súlur Björgunarsveit Akureyri, kt. 640999 2689, á plani ÚA á Akureyri 28.12.2022

Á gamlársglasi, 31. desember

2. Björgunarsveitin Týr, kt. 671290-2169, norðan við vitann á Svalbarðseyri
3. Súlur Björgunarsveit Akureyri, kt. 640999-2689, á plani Norðurorku á Akureyri
4. Björgunarsveitin Stefán, kt. 550979 0129, náma sunnan í Jarðbaðshólum í Mývatnssveit
5. Hjálpar sveit skáta Reykjadal, kt. 550979-0129, malarsvæði á Laugum
6. Norðurþing, kt. 640169-5599, Sorpurðunarsvæði utan við Kópasker
7. Norðurþing, kt. 640169-5599, Við Skeiðavöll neðan Skjólbrekku, norðan við Húsavík

Á þrettánda 6. Janúar 2023

8. Norðurþing, kt. 640169-5599, við Skeiðavöll neðan Skjólbrekku, norðan Húsavíkur

Brennur

Á gamlársglasi, 31. Desember

1. Björgunarsveitin Hafliði, kt. 411281-0359, Dagmálhæraun við Bakkafjörð
2. Björgunarsveitin Hafliði, kt. 411281-0359, upp í Hálsi ofan Þórshafnar
3. Dalvíkurbyggð, kt.620598-2089, Birnunesborgir á Árskógsströnd
4. Dalvíkurbyggð, kt.620598-2089, á Böggvisstaðasandi við Dalvík
5. Björgunarsveitin Týr, kt.671290-2169, norðan við vitan á Svalbarðseyri
6. Björgunarsveitin Stefán, kt.550979-0129, náma sunnan í Jarðbaðshólum
7. Hjálpar sveit skáta Reykjadal, kt. 590485-0479, malarsvæði á Laugum
8. Akureyrarbær, kt., 410169-6229, við Ægisgötu í Hrísey
9. Akureyrarbær, kt., 410169-6229, við Réttarhvamm á Akureyri
10. Norðurþing, kt. 640169-5599, Ytri Vogur við Raufarhöfn (Höfði)
11. Norðurþing, kt. 640169-5599, sorpurðunarsvæði utan við Kópasker
12. Norðurþing, kt. 640169-5599, við Skeiðavöll neðan Skjólbrekku, norðan Húsavíkur

Á þrettánda 6.1.2023

13. Norðurþing, kt. 640169-5599, Sandvík, Kelduhverfi
14. Norðurþing, kt. 640169-5599, Við Skeiðavöll neðan Skjólbrekku, norðan Húsavíkur
15. Ungmennafélagið Smárinn, kt. 541090-0239, malarkrúsir norðan Laugalands

Heilbrigðisnefnd samþykkir að ofantalin starfsleyfi verði gefin út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillögurnar gefi tilefni til annars.

8. Staðfestar skráningar skráningarskylds atvinnureksturs

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022

1. UMF Þorsteinn Svörfuður Kt. 560694-2969 , flugeldasýning við Tungurétt í Svarfaðardal 6. Janúar 2023.
2. Björgunarsveitin Hafliði kt. 411281-0359, flugeldasýning við Þórshöfn 31.12.2022
3. Hjálparsveit skáta Aðaldal kt. 700382-0369, flugeldasýning við Ýdali 31.12.2022
4. Björgunarsveit Hríseyjar, kt. 581088-2569 , flugeldasýning í Hrísey 31.12.2022
5. Trésmiðjan Rein ehf., kt.701296-6059, niðurrif á asbesti í Garðarsbraut 5 á Húsavík

Heilbrigðisnefnd samþykkir ofantaldar staðfestingar

9. Önnur mál

- I. Hlutverk eftirlitsaðila varðandi rotþrær. Með fundarboði var sent minnisblað og var það talið skýrt og ekki frekari umræða um málið.
- II. Laun fyrir setu í heilbrigðisnefnd. Framkvæmdastjóri mun kanna málið og bera saman við aðrar nefndir og önnur heilbrigðiseftirlitssvæði.

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Málfríður Stefanía Þórðardóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson